

Alþingi  
Erindi nr. P 130/967  
komudagur 2. 2. 2004



Reykjavík 2. febrúar 2004

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn Stéttarfélags verkfræðinga um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, uppsögn**

Pingskjal nr. 352  
307. mál

Stéttarfélag verkfræðinga (SV) hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 307. mál, uppsögn.

Stjórn Stéttarfélags verkfræðinga vill af því tilefni að eftirfarandi komi fram:

Í ljósi þeirrar reynslu sem einstakir félagsmenn Stéttarfélags verkfræðinga hafa af ráðningarslitum hjá ríkinu telur stjórn SV ekki að umræddar lagabreytingartillögur þjóni tilgangi sínum. Með því að taka út 21. gr. laga nr. 70/1996 er verið að taka út mikilvæga leiðbeiningu til opinberra starfsmanna um hvaða kröfur eru gerðar til vinnuframlags þeirra, hæfni, framkomu í vinnu, stundvísi og annað sem snertir hvern og einn starfsmann persónulega auk þess sem með því væri verið að opna á geðþóttaákvæðanir yfirmanna hjá hinu opinbera. Slíkt er ekki vænlegt í samskiptum á vinnumarkaði.

Mun skynsamlegra væri að semja fyrst við stéttarfélög um samskiptareglur á opinberum vinnumarkaði. Þegar slíkt samkomulag lægi fyrir kæmi til greina að endurskoða lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins í heild sinni.

Virðingarfyllt f.h. stjórnar Stéttarfélags verkfræðinga,

Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri  
Stéttarfélags verkfræðinga